

Ísmús: Íslenskar kynjaverur. Tímaverkefni

Vinnið saman 2-3 í hóp. Farið á **ismus.is** og smellið á *Þjóðfræði* (<https://ismus.is/tjodfraedi/>). Notið vefinn til að kynna ykkur eina kynjaveru af listanum hér fyrir neðan. Þegar þið leitið að efni um veruna skulið þið setja í forgang að skoða efni undir *hljóðrit* og *sagnir* en þið getið líka notað efni úr öðrum flokkum ef ykkur þykir ástæða til, t.d. ef leitin skilar ekki mörgum niðurstöðum í áður nefndum flokkum eða ef miklar upplýsingar um veruna er að finna í ljóðum og lausavísum.

Nykur

Lagarfljótsormurinn

Útilegumenn

Sæbúar

Marbendlar og hafmeyjur

Fjörulalli

Skoffin og skuggabaldur

Svarið spurningunum í Word-skjali.

1. Lýsið verunum. Eru þær mennskar eða dýr? Eru þær blanda af ólíkum dýrategundum?
2. Hafa verurnar yfirnátúrulega krafta? Tengjast þær trúarbrögðum?
3. Eru verurnar góðar eða vondar? Hvað vilja þær mannfólki og hvers vegna? Taktu dæmi úr frásögnunum.
4. Hvernig segir heimildafólkið frá verunum? Getur þú dregið ályktun um hvað fólkinu finnst um verurnar út frá frásögnum þess?
5. Virðist heimildafólkið trúa á tilvist veranna?
6. Eru verurnar tengdar við tiltekið landssvæði? Hvaða hópur fólks trúir á verurnar? (karlar, konur, landssvæði, börn, fullorðnir...)
7. Hefur heimildafólkið einhverjar skýringar á verunum? Hefur þú kenningu um hvernig sögurnar um verurnar komu til?